

Glænýtt verkefni um hvali



Ég fór í heimsókn í Hofstaðaskóla um miðjan apríl þar sem kennarar í 2. bekk, m.a. Ester og Gunnhildur, hafa verið að vinna þetta nýja verkefni. Einnig er verið að vinna það í fyrsta skipti í 2. bekk í Kársnesskóla.

Þær stöllur í Hofstaðaskóla eru ánægðar með verkefnið og voru bæði nemendur og foreldrar mjög áhugasamir. Fjallað er um mismunandi hvalategundir, á hverju þeir lifa, hljóð, hættur o.fl.

Það var mjög gaman að sjá hvernig verkefnið kemur út upp um alla veggi og get ég nú mælt með því, þar sem Ester og Gunnhildur eru vanar söguaðferðarkennarar.

Gaman að sjá hugmynd á blaði verða að vel heppnuðu verkefni.



Hvalavinnubækur uppi á vegg